

Alþingi  
Erindi nr. P 127/2002  
komudagur 27.4.2002



## Stýrimannaskólinn í Reykjavík

The College of Navigation -- Navigationssskolen

SKÓLAMEISTARI - PRINCIPAL - REKTOR

Sími: 551-3046 - Telephone: Int. + 551-3046 - Telefax 562-2750

e-mail: gudarm@ismennt.is

Sjómannaskólinn v/Háteigsveg

ÍSLAND - ICELAND

Reykjavík, 23. apríl 2002

### Sjávarútvegsnefnd Alþingis

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

#### Efni: Umsögn um þingsályktun um skipulag sjóbjörgunarmála, 619. mál

Ég undirritaður tek heilshugar undir þingsályktunartillögu þess efnis að gera úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála til þess að auðvelda með því og hraða björgunaraðgerðum.

Gerð akfærra götuslóða að stöðum með erfitt aðgengi, sem stungið er upp á í

þingsályktunartillögunni, yrði án efa til mikils gagns og getur flýtt björgunaraðgerðum.

Ég tel þó að það sem skiptir mestu máli sé að athuga hvort yfirstjórn björgunaraðgerða á rúmsjó eða við land eigi ekki að vera á einni og sömu hendi til þess að tryggja örugg og snurðulaus fjarskipti milli nauðstaddra og björgunarsveita.

Örugg yfirstjórn flýtir björgunaraðgerðum og enginn velkist í vafa um hvert eigi að tilkynna slys eða biðja um hjálp, sem er afgerandi við öruggar- og markvissar björgunaraðgerðir.

Ég er sammála því sem segir í þingsályktunartillögunni, að "öryggi boðsendinga" hafi ekki verið nægilegt.

Örugg fjarskipti eru vafalaust mikilvægasta öryggistæki um borð í hverju skipi og skipta öllu máli við björgunaraðgerðir.

Með tilliti til þess var komið á alþjóðlegu neyðar- og öryggiskerfi fyrir sjófarendur (GMDSS).

Þegar Fjarskiptareglugerð nr. 53/20, jan. 2000 var sett hér á landi var sjálfvirk


tilkynningaskylda á metrabylgju (STK) sem er sérsmíðuð fyrir íslenska skipaflotann sett í staðinn fyrir þjónustu með stafrænu valkalli (DSC) á metrabylgju (VHF).

Jafn ágæt og sjálfvirk tilkynningaskylda er tel ég nauðsynlegt að hafa jafnframt DSC -þjónustu á metrabylgju, þannig að Ísland uppfylli að öllu leyti hið alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi (GMDSS) en aðildarríkjum að þessu alþjóðasamskiptakerfi var í sjálfsvald sett hvort þau kæmu upp DSC-þjónustu á metrabylgju (VHF).

Ég undirritaður hefi ítrekað bent á þetta.

Með því að koma upp þjónustu með stafrænu valkalli (DSC) á metrabylgju (VHF) uppfyllir Ísland enn betur og að fullu alþjóðasamþykktina GMDSS (Global Maritime Distress and Safety System) og alþjóðlegt A-1 svæði verður umhverfis Ísland eins og er við strendur allra landa í Vestur-Evrópu nema Portúgal. DSC-þjónusta á VHF myndi stórauka öryggi allra smábáta, og minni skipa erlendra, sem koma fjölmörg hingað til lands, en þó sérstaklega að sumrinu.

Virðingarfyllst,



Guðjón Ármann Eyjólfsson  
skólameistari

